



Vesturlandsskógar

**Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2004**  
**Fundargerðir stjórnarfunda ársins 2004**  
**Ársreikningur 2004**

Gert í nóvember 2005. Gefið út í janúar 2006.

S.Á.

# Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2004.

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Inngangur .....	3
Veðurfar .....	3
Vöxtur og þrif trjágróðurs .....	3
Fjárveitingar .....	4
Stjórn Vesturlandsskóga .....	4
Samningar við bændur .....	4
Helstu framkvæmdir .....	5
Gróðursetning til fjölnytjaskóga .....	5
Skjólbeltarækt .....	6
Áburðargjöf .....	7
Jarðvinnsla .....	7
Kortlagning og áætlanagerð .....	7
Skráning gróðursetninga .....	7
Fyrirlestrar og námskeið, fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni .....	8
Heimasíða Vesturlandsskóga .....	9
Töflur: .....	10
<b>Viðauki I :</b>	
Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2004 .....	14
<b>Viðauki II:</b>	
Ársreikningur Vesturlandsskóga 2004 .....	18

# Inngangur

Árið 2004 var fimmta starfsár Vesturlandsskóga. Fylgt var eftir átaki frá árinu 2003 með skráningu gróðursetningar ársins 2004 í samræmi við alþjóðlegar kröfur um kolefnisbókhald. Vesturlandsskógar studdu sem áður við bakið á Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV) með því að standa fyrir útgáfu fréttabréfs félagsins. Komu út fjögur tölublöð af fréttabréfinu á árinu 2004. Starfsmenn verkefnisins, auk Sigvalda, voru: Guðmundur Sigurðsson, sem starfaði allt árið og Sigurður Freyr Guðbrandsson, sem starfaði allt árið, nema hvað hann lauk á fyrri hluta ársins töku fæðingarorlofs, sem stóð í samtals sex mánuði á síðari helmingi ársins 2003 og fyrri helmingi ársins 2004. Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, nýútskrifuð af umhverfisbraut Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, hóf störf hjá Vesturlandsskógum í júní. Hún verður í 80% starfi og mun m.a. sjá um að halda utan um vefsíðu Vesturlandsskóga. Guðmundur Sigurðsson hefur sem fyrr séð um að stimpla fylgiskjöl bókhalds og fært sjóðsbók, en Fjársýsla ríkisins (áður Ríkisbókhald) færir bókhaldið að öðru leyti. Guðmundur hefur einnig séð að mestu um samskipti við bændur og verktaka vegna skjólbeltaræktar og verið ábyrgðarmaður fréttabréfsins. Auk þess hefur hann verið ritari á fundum stjórnar Vesturlandsskóga. Sigurður Freyr hefur haft gerð ræktunaráætlana, sem aðalviðfangsefni. Svæði Vesturlandsskóga hefur verið skipt milli starfsmanna í þrjú svæði. Verður Guðmundur með Snæfellsnesið og Mýrarnar, Suður-Borgarfjörðinn og Kjósasýslu. Sigríður Júlía verður með Borgarfjarðarsýslu norðan Heiðar og Hvítársíðu. Sigurður Freyr er með Dalina (Skógarströnd og Saurbær teljast þar með), auk Norðurárdals, Þverárhliðar og Stafholtstungna.

## Veðurfar

Árið 2004 víðraði vel til skógræktar. Veturinn frá áramótum var óvenju hlýr og snjóléttur á Vesturlandi. Var jörð klaklaus mestan part vetrarins. Vorið var hlýtt og ef ekki hefði komið hret í byrjun maí, er ekki að efa, að sumarið hefði orðið eitt hið allrabesta vaxtarsumar frá upphafi skógræktar á Íslandi. Nokkurt tjón varð af hretinu, einkum sá á lerki, sem náði sér aldrei almennilega á strik yfir sumarið. Júní og júlí voru vel yfir meðallagi, en ágúst hérumbil eins hlýr og í fyrra, en þá var ágúst sá langhlýjasti frá því mælingar hófust. September var jafnframt óvenjuhlyr. Árið í heild var hið þriðja hlýjasta frá árinu 1961 a.m.k. Engu að síður varð frost nógu mikið bæði í febrúar og í nóvember til að gjörfella sitkalúsarstofninn inn til landsins, en veikja hann mjög við sjávarsíðuna.

## Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður fór misjafnlega illa út úr maíhretinu. Eitthvað var um að greniplöntur yrðu fyrir vorkali, en náðu sér samt flestar aftur á strik síðar um sumarið, þegar sofandi brum lifnuðu. Er vonandi að hin óvenjulegu sumarhlýindi hafi orðið til þess, að þessar plöntur hafi náð að ganga frá endabrumum fyrir veturinn. Eitthvað drapst samt alveg af ungum greniplöntum. Þegar áfall af þessu tagi gerist tvö ár í röð, er hætt við að ungar plöntur, sem gróðursettar hafa verið í grasgefið land, verði fremur en ella undir í samkeppninni við grasið. Minna bar á grenilús en undanfarin ár. Höfðu sumir áhyggjur af afdrifum hins unga stofns gullkolls, sem lifir að verulegu leyti á sitkalús. Asparplöntur litu yfirleitt vel út í sumarlok og náðu óvenjugóðum hæðarvexti. Hið sama má segja um sitkagreni. Vöxtur stafafuru var óvenjumikill, en lerkið óx minna en oft áður. Birkið slapp tiltölulega vel við hretið, en mikið bar á maðki ennþá einu sinni, bæði í birki og víði.

# Fjárveitingar

Fjárveitingar til Vesturlandsskóga á árinu námu kr. 57,8 milljónum, sem er nær 9% aukning frá árinu áður, þegar þær voru 52,9 milljónir króna, en samt nokkuð undir þeirri langtímaáætlun, sem alþingi samþykkti vorið 2003. Samanborið við upphæðina, sem ætluð var til verkefnisins á árinu 2004 skv. ályktun alþingis voru þetta nokkur vonbrigði, enda í þeirri tillögu gert ráð fyrir 59 milljónum króna til Vesturlandsskóga á árinu 2004. Þótt þarna muni einungis liðlega einni milljón króna, auk verðtryggingar, voru það vonbrigði, að alþingi skyldi ekki hækka framlagið uppi þá fjárhæð, sem það sjálf hafði svo skömmu áður ákveðið. Hverjar eru svo horfurnar með framhaldið? Fjárlög ársins 2005 hljóða uppá kr. 62 milljónir, sem er að vísu 7% aukning frá árinu 2004. Samanborið við upphæðina, sem ætluð var til verkefnisins á árinu 2005, skv. fyrnefndri ályktun alþingis, voru þetta nokkur vonbrigði, enda í þeirri tillögu gert ráð fyrir 65 milljónum króna til Vesturlandsskóga á árinu 2005 miðað við verðlag í ársbyrjun 2003. Því hefði upphæðin átt að verða kr. 69,4 milljónir í fjárlagafrumvarpi ársins 2005, en ekki kr. 62 milljónir. Þarna munar 7,4 milljónum króna, svo ljóst er, að alþingi ætlar að hafa eigin samþykkt að engu. Jafnframt er ljóst, að þingsályktunin frá árinu 2003 var sett fram og samþykkt vegna þess, að þá voru kosningar framundan, en ekki af því að menn ætluðu sér að framfylgja henni. Ljóst er, að ályktun frá alþingi dugar ekki til að ná því markmiði, að þeir sem stjórna skógræktarverkefnum geti vitað nokkur ár fram í tímann, við hverju megi búast af hálfu fjárveitingavaldsins. Bindandi samningur, á borð við Búvörusamninga, milli Landssamtaka Skógareigenda og ríkisvaldsins eru sá kostur, sem næst þyrfti að skoða. Auk þess er aðkallandi, að skógræktarverkefni fái markaða tekjustofna. Í því sambandi er nærliggjandi að skoða kolefnisgjald á jarðfnaeldsneyti og mengunargjald á álbræðslurnar. Þetta er eðlilegt að gera, vegna þess að um er að ræða mannleg umsvif, sem losa gróðurhúsalofttegundir, en eitt af meginhlutverkum skóganna í framtíðinni verður einmitt að binda koltvísýring og vinna með því gegn hlýnun andrúmsloftsins af mannavöldum.

## Stjórn Vesturlandsskóga

Stjórn Vesturlandsskóga hélt aðeins tvo fundi á árinu 2004. Þá er ekki talinn með “fundur” sem fólst í því, að stjórn Vesturlandsskóga, stjórn og varastjórn FsV og starfsmenn Vesturlandsskóga skoðuðu skógrækt í Borgarfirði 29. og 30. júní. Stjórnin var endurskipuð til fjögurra ára í ársbyrjun og er eins skipuð og á nýliðnu fjögurra ára tímabili: Formaður er Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, Hellissandi, en aðrir í stjórn: Birgir Hauksson, skógarvörður á Vesturlandi og Vestfjörðum, tilnefndur af Skógrækt ríkisins; Hulda Guðmundsdóttir, tilnefnd af Félagi skógarbænda á Vesturlandi og Trausti Tryggvason, tilnefndur af skógræktarfélagnum á Vesturlandi.

## Samningar við bændur

Á sl. ári bættust svo við 17 þinglýstir samningar um fjölnytjaskógrækt. Höfðu því um síðustu áramót samtals verið gerðir samningar við 88 bændur. Samningsbundið svæði var þá tæplega 7250 ha.

Á árinu bættust 14 jarðir við í hóp þeirra, sem undirritað hafa samning um skjólbeltarékt við Vesturlandsskóga. Í árslok höfðu því verið gerðir skjólbeltasamningar við 116 bændur á Vesturlandi. Bættust því 14 við hóp skjólbeltabænda.

# Helstu framkvæmdir:

## Gróðursetning til fjölnytjaskóga

Á árinu 2004 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga u.þ.b. 692.000 plöntur og stiklingar (settir voru um 30.500 stiklingar af alaskaösp). Þetta er 25% aukning milli ára, sem er allnokkuð miðað við það að fjárveitingar jukust aðeins um 9%. Á móti kemur að einungis voru settir 34 km af skjólbeltum (og 32.300 plöntur og stiklingar í þau), sem er talsverð minnkun frá fyrra ári, þegar settir voru 48 km af skjólbeltum. Eins og á fyrra ári dróst gróðursetning nokkuð fram eftir júlímánuði. Því var ekki skilið milli haustgróðursetningar og vorgróðursetningar í Töflu I. Óhætt er samt að fullyrða, að hlutfall plantna, sem gróðursettar eru að haustinu, fer vaxandi. Plöntur, sem gróðursettar voru til nytjaskóga, greindust þannig milli tegunda:

Sitkabastarður:	100.650
Sitkagreni:	92.200
Stafafura:	210.600
Rússalerki:	166.900
Ilmbjörk:	71.100
Hengibjörk:	3.080
Alaskaösp:	42.700
Skógarfura:	2.000
Hvítgreni:	2.000
Selja:	140
Hreggsstaðavíðir:	210

### *Í töflu I, í lok skýrslunnar, má sjá, hvernig plönturnar skiptust niður á jarðirnar eftir tegundum.*

Mest er aukningin hlutfallslega í alaskaösp (68%), ilmbjörk (66%) og rússalerki (55%). Lítið var sett af hengibjörk, enda misförst uppeldi hennar. Verður ekki sett mikið af henni á næstu árum, meðan meiri reynsla fæst af því, sem komið er af henni í jörð á Vesturlandi. Raunar stendur tegundin sig með ágætum á Hallormsstað. Hengibjörk nær í heimkynnum sínum mun meiri hæð en ilmbjörkin. Undanfarin ár hafa verið hlý, en þá hættir rússalerkinu til að lifna of snemma á vorin og verður svo fyrir skakkaföllum í vorhretum. Frá Skógrækt ríkisins berast þær fréttir, að á Vöglum standi Þröstur Eysteinnsson fyrir framleiðslu á fræi af lerkiblendingi (japanslerki/evrópulerki/rússalerki). Blendingur þessi hefur lítillega verið reyndur víða um land, þ.á.m. að Litlu-Fellsöxl í Skilmannahreppi, og alls staðar gefist mun betur en hreint rússalerki. Standa vonir til þess, að umtalsvert magn af fræi þessa blendings verði til ráðstöfunar innan fimm ára. Ekki hefur tekist að fá fræ af lindifuru, en hana væri spennandi að reyna í talsverðum mæli, enda reynslan af henni góð, þar sem hún hefur verið reynd og virðist tegundin geta komist til þroska á berangri.

Þar sem trjáplöntur geta verið mörg ár að komast uppúr grasi, þarf helst að bíða meira en fimm ár, jafnvel allt að tíu árum, frá því að gróðursett er, þar til tímabært er að koma með íbætur. Öðrum kosti lendum við í því, að talsvert af íbótaplöntunum lendir allt of nærri lifandi plöntum, sem ekki sáust þegar bætt var inni. Mikil brögð eru að þessu í eldri reitum, bæði hjá Skógrækt ríkisins og skógræktarfélagum. Íbótaplönturnar standa væntanlega í stað í nokkur ár eftir gróðursetningu og lenda því talsvert á eftir hinum upphaflega gróðursettu tegundum, ef beðið er með íbætur í allt að 10 ár. Þá er mikils virði, að geta notað tegundir, sem þola vel skugga í æsku. Þallir eru skuggaþolnar í æsku og gætu því hentað vel til íbóta. Marþöll er geysilega langlíf tegund og getur

líka náð mikilli hæð. Sæta þarf lagi, þegar íslenskar þallar, bæði marþöll og fjallapöll, bera næst þroskað fræ og afla fræs af þessum tegundum til framleiðslu plantna til íbóta. Ekki er þörf á íbótum, nema töluverð brögð séu að afföllum.

Reyniviður er skuggapölinn, enda síðframvindutegund. Hann þolir illa skafrenning og þess vegna hafa Vesturlandsskógar ekki viljað, að hann sé gróðursettur á berangri. Hins vegar er reyniviður notaður á Vesturlandi til íbóta í skjólbelti. Í framtíðinni munu þrestir og fleiri tegundir fugla sjá um að breiða reynivið úr skjólbeltunum út um skóglendi í landshlutanum, svo að þar sem annars myndu engin tré koma upp í glufum í skógarþekjunni, má búast við að upp vaxi reyniviður með tíð og tíma. Þetta sést vel af reynslunni í Öskjuhlíð í Reykjavík, þar sem reyniviður úr nálægum íbúahverfum hefur sáð sér í allar glufur í krónuþekjunni. Því þarf ekki að hafa áhyggjur af því í framtíðinni, þótt sums staðar verði einhverjar glufur í skógi, þar sem meiningin var annars að koma upp skógi af fullum þéttleika, fuglarnir munu sjá fyrir því.

Þótt spennandi gæti verið að reyna fleiri tegundir, er það stefna Vesturlandsskóga, að einbeita sér að færri tegundum, enda fást ódýrari plöntur, ef keyptar eru margar af sömu tegund.

## Skjólbeltarækt

Segja má, að áhugi á skjólbeltarækt fari vaxandi á svæði Vesturlandsskóga, jafnvel þótt árið 2004 hafi verið sett talsvert minna af skjólbeltum en árið áður. Lifun stiklinga og plantna í skjólbeltum árið 2004 var víða með ágætum. Þó voru undantekningar frá þeirri reglu. Þrennt hefur helst orðið stiklingum að aldurtíla: Þurrkur, áburður og beit. Beit á nýlögð skjólbelti þýðir að plastið eyðileggst, margir stiklingar drepast, en aðrir verða undir í samkeppni við grasið, sem upp vex úr sporum búfjárins. Allflestir bændur vita, að beit skemmir skjólbeltin og því má segja, að hún hafi aðeins valdið usla fyrir slysi. Þó er ekki fyrir það að synja, að stöku skjólbeltabóndi hafi farið út í skjólbeltarækt, án þess að tryggja friðun nógu vel, væntanlega í þeirri trú, að ein og ein skjáta geri varla mikið af sér. Við slíkt verður ekki unað og verða bændur að endurgreiða plastdúk og plöntur/stiklinga, þegar skjólbelti fara forgörðum vegna beitar. Við fyrstu sýn gæti virst, sem erfitt gæti verið að bregðast við skaða af völdum þurrka, öðruvísi en að leggjast í rándýra vökvun, með haugsugu eða álíka aðgerðum. Aðrar leiðir eru þó til, mun hagkvæmari, sem Vesturlandsskógar hvetja bændur til að nota sér. Besta leiðin er að ljúka jarðvinnslu að hausti, þannig að ekki þurfi að tæta jarðveg að vori. Þá er frá upphafi hárpípuleiðni uppundir jarðvegsyfirborð (sem er þakið plasti, svo rakin gufar ekki upp, en dropar aftur niður úr plastdúknun). Þessi aðferð hefur skilað góðum árangri og skilið milli feigs og ófeigs í þurrkaárum.

Áburðargjöf (með tilbúnum áburði) er alls ekki ráðleg, árið sem stiklingum og plöntum er stungið í skjólbelti. Búfjáraður í flagið við jarðvinnsluna gerir líka dreifingu tilbúins áburðar óparfa, þar til í fyrsta lagi tveimur til þremur árum eftir gróðursetningu.

***Í Töflu II á öftustu síðu má sjá hvernig skjólbeltaræktin skiptist milli jarða og tegunda trjáa og runna.***

Flest skjólbelti, sem ræktuð hafa verið á Vesturlandi undanfarin ár, eru einnar raða víðibelti. Mikilvægt er, að láta ekki staðar nema við svo búið, heldur bæta við fleiri röðum í skjóli hins uppaxandi víðis, trjáröðum með ýmsum tegundum, m.a. tegundum, sem verða mun hávaxnari en víðirinn, svo sem alaskaösp, álmur, selja, reyniviður og gráelri, en runnategundum inni á milli, til að þetta lágskjólið og skyggja út grasvöxt.

## Áburðargjöf

Áburðargjöf var með hefðbundnum hætti. Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Var notað “blákorn” frá Áburðarverksmiðjunni. Voru menn hvattir til að dreifa 10g kringum hverja plöntu - þó ekki þar sem handfleckjað var í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum. Þar sem plöntur geta þurft að bíða gróðursetningar á annan mánuð, frá því að þær koma á dreifingarstöð, er brýnt að þær fái næringu á meðan. Þar sem úrkoma er afar mismikil frá ári til árs, er auðveldara að stjórna næringarframboði bakkaplantna, sem bíða gróðursetningar utanhúss, með kornuðum áburði heldur en með því að vökva með áburðarlausn. Oftast er einhver afgangur af kornunum, þegar plönturnar eru gróðursettar. Kornin líma sig lauslega á ytra borð plantna og rótartappa og berast því með plöntunum út á foldina. Þetta kemur sér vel, þegar gróðursett er án eftirfarandi áburðargjafar, svo sem í handfleckjað frjósamt land.

Bændur hafa verið sérstaklega varaðir við að setja grömmen 10 í eina hrúgu upp við stofn plöntunnar, enda getur slíkur viðurgjörningur hæglega orðið bestu plöntum að aldurtíla. Því miður hafa verið brögð að því, að menn hafa drepið plöntur í þónokkrum mæli með áburði.

## Jarðvinnsla

Vélflekkjarinn undirbjó 29 ha lands á fjórum jörðum fyrir gróðursetningu á árinu 2004. Áður (haustið 2003) höfðu 124 ha verið undirbúnir fyrir gróðursetningu með flekkingu, svo alls var gróðursett í 153 ha af flekkjuðu landi árið 2004, sem er met. Ekki vannst tími til að flekkja haustið 2004 til undirbúnings gróðursetningar á árinu 2005, þar sem frost hljóp venju fremur snemma í jörð. Þar eð jörð þiðnar fyrir í flekkjunum en á grónu landi og vegna tillits til fuglalífs verður þó áfram stefnt að haustfleckkingu.

## Kortlagning og áætlanagerð

Lokið var gerð ræktunaráætlana fyrir eftirtaldar jarðir árið 2004:

Arnheiðarstaði í Hálsasveit,  
Breiðabólsstað í Sökkólfsdal, Dalabyggð,  
Gandheima í Leirár- og Melasveit,  
Háls á Skógarströnd,  
Horn á Kjalarnesi,  
Kirkjuból í Hvítársíðu,  
Laxárholt á Mýrum,  
Stóra Kropp í Reykholtssdal,  
Úlfsstaði í Hálsasveit,

## Skráning gróðursetninga

Á árinu voru allar gróðursetningar frá árinu 2004 færðar inná uppréttar stafrænar loftmyndir. Um er að ræða framlag Vesturlandsskóga til kolefnisbókhalds, svo skógrækt á bújörðum verði gjaldgeng á alþjóðavettvangi og út á hana fáiast greiðslur fyrir bindingarkvóta, þegar þar að

kemur. Gildir þá einu, hvort bóndinn eða ríkið fær kolefnisgreiðslurnar. Voru kortin/loftmyndirnar sendar Rannsóknastöð skógræktar, sem sér um kolefnisbókhaldið fyrir Íslands hönd. Starfsmenn Rannsóknastöðvarinnar, þeir Bjarki Þór Kjartansson og Arnór Snorrason, leiðbeindu starfsmönnum Vesturlandsskóga við þetta verk, sem verður í framtíðinni unnið árlega fyrir gróðursetningar sama árs.

## **Fyrirlestrar og námskeið; fundir og ráðstefnur. Rannsóknaverkefni.**

Vesturlandsskógar stóðu fyrir ráðstefnu á Laugum í Sælingsdal dagana 15. og 16. janúar, þar sem fjallað var um áhrif skógræktar á lífið í ám og vötnum. Samstarfsaðilar Vesturlandsskóga um ráðstefnuhaldið voru: Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá; Félag skógarbænda á Vesturlandi; Veiðimálastofnun og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. Fjöldi og úrval fyrirlesara varð til þess, að ráðstefnan tókst afar vel. M.a. komu fyrirlesarar frá Háskóla Íslands, Orkustofnun og Hóla-skóla, sem og frá Skotlandi og Danmörku, en auk þess frá stofnunum, sem að ráðstefnunni stóðu, þ.e. Mógilsá, Veiðimálastofnun og LBH. Þótt veður væru válynd tókst ráðstefnan með miklum ágætum. Krækju með upplýsingum um ráðstefnuna má finna aftarlega á heimasíðu Vesturlandsskóga, <http://www.vestskogar.is>

Í stuttu máli má segja um það, sem fram kom á ráðstefnunni: Fyrir utan hina hefðbundnu fyrirvara um að nauðsyn sé á meiri rannsóknum á þessu sviði, má segja, að fyrirlesarar hafi ekkert fundið skógrækt til foráttu, þegar fiskgengd í ár og vötn er annars vegar. Skógrækt gæti hins vegar aukið fiskgengd verulega, sé hún í nógu ríkum mæli á vatnasviðum viðkomandi vatna (og áa).

Starfsmenn Vesturlandsskóga sóttu fræðaðing landbúnaðarins í Reykjavík dagana 5. og 6. febrúar. Guðmundur Sigurðsson leiðbeindi á “Betra- bús” námskeiði í Dölunum þann 2. mars og Sigurður Freyr og Sigvaldi leiðbeindu á námskeiðum, sem Vesturlandsskógar héldu á árinu. Þetta voru námskeið um skjólbeltarækt, sem haldið var á Hvanneyri 23. – 24. apríl og “Upphaf skógræktar”, sem haldið var 14. og 15. maí. Friðrik Aspelund, skógfræðingur leiðbeindi einnig á þessum námskeiðum.

Framkvæmdastjóri sótti fræðslufund á vegum Skógræktarfélags Íslands þann 13. febrúar; samráðsfund landshlutaverkefna í skógrækt 2. og 3. mars; föstudaginn 12. mars sótti framkvæmdastjóri ráðstefnu um rannsóknir í skógrækt. Þann 18. mars sat framkvæmdastjóri fund um “Grænsíðu”, sameiginlegan gagnagrunn skógræktar á Íslandi, ásamt framkvæmdastjórum hinna landshlutaverkefnanna og þeim starfsmönnum sem sjá um að koma Grænsíðu á fót. Þann 26. mars sat frkv.stj. ársfund Veiðimálastofnunar á Hvanneyri.

29. og 30. júní ferðuðust starfsmenn Vesturlandsskóga með stjórn Vesturlandsskóga og stjórn og varaþjórn Félags skógarbænda á Vesturlandi um Borgarfjarðarsýslu, heimsóttu skógarbændur og skoðuðu framkvæmdir.

Í byrjun júlí gróðursettu starfsmenn Vesturlandsskóga skógarfurutilraun á Vilmundarstöðum. Er um að ræða tilraun, sem er samvinnuverkefni nokkurra landshlutaverkefna í skógrækt og Skógræktar ríkisins. Dagana 12. og 13. júlí gróðursettu starfsmenn Vesturlandsskóga tilraun með smitað og ósmitað birki að Höfn í Melasveit. Þar er um að ræða samstarfsverkefni með Landgræðslu ríkisins.

Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda (LSE) var haldinn að Húnavöllum dagana 13. – 15. ágúst og sótti framkvæmdastjóri fundinn fh. Vesturlandsskóga. Þann 7. september sótti frkv.stj. alþjóðlega ráðstefnu í Reykjavík um hnattrænar loftslagsbreytingar af mannavöldum (gróðurhúsáhrif). Dagana 4.-6. október sóttu Sigvaldi og Guðmundur landsmót starfsmanna landshlutaverkefna í skógrækt, sem haldið var á Héraði að þessu sinni. Dagana 9. – 13. október sótti framkvæmdastjóri ásamt Agnesi Geirdal, formanni Félags skógarbænda á Suðurlandi, ráðstefnu í Póllandi um aðkomu stjórnvalda að stuðningi við skógrækt í Evrópu. Skýrsla



framkvæmdastjóra um ráðstefnuna birtist í greinarformi, bæði í Morgunblaðinu og í Bændablaðinu. Þeir sem vilja kynna sér efni skýrslunnar, geta fundið hana á heimasíðu Vesturlandsskóga undir “Mikilvægi skóga í Evrópu” <http://www.vestskogar.is>  
Framkv.stj. sat fund með framkvæmdastjórum hinna landshlutaverkefnanna í Reykjavík 3. nóvember. Hann ásamt Guðmundi Sigurðssyni fór á Blöndalsráðstefnu á Hallormsstað 6. og 7. nóvember, en ráðstefnan var haldin í tilefni 80 ára afmælis Sigurðar Blöndals.

## **Heimasíða Vesturlandsskóga.**

Heimasíða Vesturlandsskóga var endurreist á árinu (í desembermánuði). Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, starfsmaður Vesturlandsskóga sér um heimasíðuna. Eru menn hvattir til að kynna sér efni hennar. Slóðin er: <http://www.vestskogar.is>

Gert í nóvember 2005,

S.Á.

# Viðauki I

## Fundargerð 21. fundar stjórnar Vesturlandsskóga sem haldinn var í Bændahöllinni miðvikudaginn 4. mars 2004.

*Fundur var settur kl. 16.30. Mætt voru: Skúli Alexandersson, formaður; stjórnarmennirnir Hulda Guðmundsdóttir, Birgir Hauksson og Trausti Tryggvason. Starfsmenn Vesturlandsskóga, þeir Sigvaldi Ásgeirsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson, sem skrifaði fundargerð.*

### *Dagskrá.*

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Fjárheimild ársins 2004. Lögð fram greiðsluáætlun.
3. Verkefnastaða. Frkv.stj. greinir frá stöðu samningsgerðar við bændur. Ræddar hugmyndir um að skylda skógarbændur til að sækja fjögur grunnnámskeið.
4. Ósk Sigurðar Freys Guðbrandssonar um styrk til að ljúka rannsóknaverkefni, sem er liður í þróunaraðstoð NORAD til Pakistans. Feli styrkurinn í sér, að Sigurður megi nota ákveðinn tíma í vinnunni til að ljúka grein til birtingar í alþjóðlegu vísindaritum um verkefnið, sbr. meðfylgjandi greinargerð frá Sigurði.
5. Lög fram skýrsla um ráðstefnu, sem haldin var í janúar að forgöngu Vesturlandsskóga, en í samstarfi við FsV; Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá; Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Veðimálastofnun.
6. Önnur mál.

1. Fundargerðin lesin og samþykkt.
2. Sigvaldi gerði grein fyrir greiðsluáætlun fyrir árið 2004 og lagði fram greinargerð, þar sem fram kemur greiðsluflæði fyrir hvern mánuð. Heildarkostnaður er áætlaður 64.919.000 kr. yfir árið.
3. Sigvaldi gerði grein fyrir verkefnastöðu og samningagerð við bændur. Reiknað er með að gera um 20 nýja samninga við bændur á árinu. Um áramót hafði verið þinglýst samningum við 71 bónda. Síðan hafa bæst við 9 nýir samningar. Eru þeir vegna: Suður-Bárs í Grundarfirði, Geirshlíðar í Hörðudal, Jörva í Haukadal, Svínhóls í Miðdölum, Laxárholts í Hraunhreppi, Brúarreykja, Borga og Jafnaskarðs í Stafholtstungum og Háls á Skógarströnd.

Samkvæmt lögfræðialiti úr ráðuneytinu þarf að færa inni samningsformið ákvæði um, að bændum sé skylt að sækja grunnnámskeið, ef við viljum að skyldusókn slíkra námskeiða verði á annað borð upp tekin. Þau námskeið, sem hér um ræðir eru: “Betra bú”; “Landlæsi og Áætlanagerð í skógrækt”; “Upphaf skógræktar: Jarðvinnsla og Gróðursetning” og “Skógur og Skjól”.

4. Lagt fram bréf frá Sigurði Frey Guðbrandssyni starfsmanni Vesturlandsskóga. Sigurður Frey fer fram á að fá styrk til að ljúka rannsóknaverkefni, sem er liður í þróunaraðstoð NORAD til Pakistans. Felur styrkurinn í sér, að Sigurður megi nota 10 daga í vinnunni til að ljúka við grein til birtingar í alþjóðlegu vísindaritum um verkefnið.

Stjórnin var samþykkt þessari beiðni.

5. Skúli þakkaði starfsmönnum Vesturlandsskóga fyrir að hafa staðið vel að ráðstefnunni, sem haldin var á Laugum í Dalasýslu í lok janúar. Útlagður kostnaður Vesturlandsskóga var innan við 100 þúsund kr.
6. Önnur mál: Skúli lagði til, að stjórn Vesturlandsskóga og Félags skógarbænda, ásamt starfsmönnum Vesturlandsskóga, eyddu tveimur dögum saman í að heimsækja bændur, sem eru í samstarfi við Vesturlandsskóga. Stefnt er að því, að fara um Borgarfjörð 29. og 30. júní. Skúli ræddi nauðsyn þess, að verkefnið væri tryggt gagnvart þriðja aðila. Framkvæmdastjóra var falið að skoða málið. Hulda greindi frá hugmyndavinnu við gerð minjagripa, hún hefur rætt við félag rennismiða um hugmyndir að minjagripagerð. Samþykkt var, að auglýsa eftir tillögum um minjagrip, sem unninn verði úr skógarviði, þar sem merki Vesturlandsskóga og Félags skógarbænda á Vesturlandi kæmi fram. Framleiðslukostnaður verði ekki yfir 1000 kr. á grip. Samþykkt var, að Skúli, Hulda og Sigvaldi vinni að málinu. Hulda ræddi samræmingu taxta milli verkefnanna, varðandi uppgjör við bændur. Sigvalda var falið að skoða málið með öðrum framkvæmdarstjórum verkefnanna með möguleika á frekari samræmingu í huga. Hulda kynnti aðalfund FsV, sem haldinn verður 17. apríl n.k. í Reykholti. Rætt var um heimasíðu Vesturlandsskóga og voru fundarmenn sammála um, að starfsmenn Vesturlandsskóga haldi henni við.
7. fundi slitið kl 18.05

---

Guðmundur Sigurðsson  
fundarritari

## Fundargerð 22. stjórnarfundar Vesturlandsskóga.

*Haldinn í fundarsal skrifstofuhússins á Hvanneyri, 24. september 2004.*

*Fundurinn hófst kl. 13.00. Mætt voru: Skúli Alexandersson, Hulda Guðmundsdóttir, Birgir Hauksson, Trausti Tryggvason, Sigvaldi Ásgeirsson framkvæmdastjóri og Guðmundur Sigurðsson.*

*Sigvaldi og Guðmundur skrifuðu fundargerð, þar sem Guðmundur komst ekki á fundinn fyrr en eftir að hann var byrjaður.*

1. **Fundargerð síðasta fundar** var lesin og nokkrar breytingar gerðar við hana. Hulda lét bóka, að kannað yrði, hvernig sé ætlast til að staðið sé að setningu taxta fyrir verkþætti. Einnig að athuga framvindu verkefnis SFG.
2. Sigríður Júlía hefur unnið að heimasíðugerð fyrir Vesturlandsskóga og er gert ráð fyrir að því verki verði lokið fyrir áramót.
3. Hulda greindi frá samþykktum og ályktunum aðalfundar LSE sem haldinn var á Húnavöllum í ágústmánuði sl. og frá ferð, sem Guðmundur Ólafsson, nýráðinn framkvæmdastjóri Héraðsskóga, sagði frá á fundinum, en hann ásamt Skúla Björnssyni fór í ferð til Sakramento í Bandaríkjunum í vor. Kveikjan að ferðinni var að kynna sér nýtingu á smáviði: grisjun, vinnslu, sölu og varnir gegn skordýrum og skógareldum.

Hvatinn að aukinni áherslu á nýtingu þessa viðar var að fjarlægja þyrfti eldsmat úr skógum.

Markmiðið er að finna hagkvæmari vélar til að vinna úr smáviði. Hliðstæð vandamál eru í Bandaríkjunum eins og hérlendis, þess vegna var ákveðið að fara þangað og kynna sér málin.

Margt hefur verið reynt í sambandi við lausnir á nýtingu smáviðar síðustu fimm árin. Einblínt hefur verið á að hráefnið sé dýrt og unnið út frá því. Hentugast hefur þótt að vinna á staðbundnum svæðum með hráefnið til að takmarka flutningskostnað. Eins er mikilvægt, að samstarf sé milli allra aðila, sem koma að þessu: skógareigendanna skipulagsaðilanna, frumkvöðlanna og tæknifólksins. Ekki má heldur gleyma störfum, sem úrvinnsla smáviðar skapar.

Aðalúrvinnsluleiðunum má einkum skipta í þrjá flokka: Hefðbundin timburframleiðsla (smíðaeefni), orkugjafi (flís, kögglar = orka, varmi) og óhefðbundin viðarframleiðsla (blanda af viði og plasti). Fyrirtæki hafa valið mismunandi leiðir og þannig unnið mismunandi vöru. Áhugavert er að skoða viðar- og plastleiðina hérlendis, með tilliti til alls þess rúlluplasts sem fellur til. Þá skiptir máli, að fylgjast með hvað aðrir eru að gera, sem tengjast sömu hlutunum og nýta þekkingu og reynslu, sem þegar er til staðar.

Skógrækt ríkisins er í samstarfi við aðila í Bandaríkjunum. Stefnan er að senda sýni héðan í haust til vinnsluþrófunar. Þegar er komið samstarf við fyrirtæki, sem vinnur með plast- og viðarlausnina og margt annað er í bígerð.

Stjórn FsV hefur ályktað, að óska eftir því, að Vesturlandsskógar verði með myndarlega kynningu á starfssemi sinni á aðalfundi LSE á Laugum næsta ár.

4. Áætlað er, að 23 nýir samningar verði frágengnir á þessu ári. Tveggja ára greniplöntur í 35 gata bökkum áttu erfitt uppráttar í vor. Ástæðan mun hafa verið mygla úr gróðrarstöðinni. Sigvaldi flokkaði það sem kom í Reit og fékk út úr því 60 % nýtingu. Hluti af plöntunum kom toppklipptur úr gróðrarstöð. Stjórnin vill ítreka þá skoðum að Vesturlandsskógar greiði ekki fyrir plöntur, nema þær standist gerðar gæðakröfur.  
Umdæmi Vesturlandsskóga hefur verið skipt milli starfsmanna í þrjú svæði. Verður Sigríður Júlía svæðisstjóri Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar og auk þess með Hvítársíðu. Sigurður Freyr verður með Dalina, þ.m.t. Skógarströnd. Norðurárdal, Þverárhlið og Stafholtstungur. Guðmundur verður með Snæfellsnes, Mýrarnar, Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðsheiðar, Kjalarnes og Kjós. Heildargróðursetning í ár verður ca. 700 þúsund plöntur skv. bráðabirgðatölum.
5. Sigvaldi greindi frá stöðu mála varðandi bókhaldsmálin. Samþykkt var að halda sig við Fjársýsluna a.m.k. til næstu áramóta.
6. Sigvaldi sagði frá ráðstefnu, sem hann sótti um loftlagsbreytingar af manna völdum og haldin var í Reykjavík 7. sept. sl.
7. Sigvaldi greindi frá því, að hann hafi skráð sig á ráðstefnu um mat á fyrirkomulagi ríkisstuðnings við skógarbændur í Evrópu, sem haldin verður í Póllandi 10. - 12. október nk. Hulda lýsti áhuga sínum á, að SÁ færi og greindi frá því, að stjórn LSE hefði samþ. að leita eftir skýrslu frá SÁ um ráðstefnuna.  
Samþykkt var að Vesturlandsskógar greiddu kostnað við ferð Sigvalda á ráðstefnuna.
8. Lagt fram bréf frá Grundarfjarðarbæ, þar sem óskað er eftir þátttöku í verkefnum með Vesturlandsskógum. Stjórnin var sammála um, að ákvæði um lögbýli væri ófrávíkjanleg krafa við afgreiðslu þessarar umsóknar.
9. Umsóknir um stuðning við rannsóknaverkefni: Umsókn liggur fyrir frá LBH og Mógilsá um stuðning við verkefnið: Framleiðsla vorunga af birki og lerki til sumargróðursetningar. Málinu var frestað, en beðið um upplýsingar um fjölda plantna og stærð lands. Umsókn frá Mógilsa vegna úttekta á sjúkdómum og meindýrum á trjágróðri haustið 2004. Samþykkt var að greiða 50 þús. til verkefnisins.

10. Horfur um fjárveitingar á næsta ári: Samþykkt var að hvetja framkvæmdastjóra verkefna til að fara á fund fjárlaganefndar Alþingis. Jafnframt er stefnt að því að ná fundi þingmanna kjördæmisins. Ætlar Skúli að tala við Magnús Stefánsson en Trausti að tala við Sturlu.
11. Kynntar voru tillögur að minjagripum fyrir Vesturlandsskóga og Félagi skógarbænda á Vesturlandi. Alls báust fjórar tillögur, allar undir dulnefnum, sem þannig voru kynntar stjórnarmönnum. Tillaga Trausta Tryggvasonar var valin, sem eru handföng á ýmis áhöld með merki Vesturlandsskóga og FsV. Aðrir sem sendu inn tillögur voru: Snjólaug Guðmundsdóttir, Þorkell Guðmundsson og Philippe Ricart.
12. Önnur mál. Formaður óskaði eftir að framvegis yrði séð til þess að starfsmenn Vesturlandsskóga yrðu við á skrifstofu þegar stjórnarfundir væru haldnir.

Fundi slitið um kl. 17.30

---

Guðmundur Sigurðsson  
fundarritari

# Viðauki II

## Ársreikningur Vesturlandsskóga vegna ársins 2004.

### Rekstrarreikningur fyrir árið 2004

	Reikningur 2004	Reikningur 2003	Fjárheimildir 2004
<b>Tekjur .....</b>			
Sértekjur	1.013.620	394.608	0
<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.013.620</b>	<b>394.608</b>	<b>0</b>
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>64.802.030</b>	<b>46.472.110</b>	<b>57.800.000</b>
<b>Tekjur umfram gjöld ...</b>	<b>-63.788.410</b>	<b>-46.472.110</b>	<b>- 57.800.000</b>
Framlag ríkissjóðs .....	57.800.000	52.900.000	57.800.000
<b>Tekjuafgangur/-halli</b>	<b>-5.988.410</b>	<b>6.822.498</b>	<b>0</b>

### Efnahagsreikningur 31. desember 2004

	Reikningur 2004	Reikningur 2003
<b>Eignir</b>		
<b>Fastafjármunir samtals .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Veltufjármunir</b>		
Skammtímakröfur (aðrar) .....	11.690.652	12.096.870
Handbært fé .....	12.436.232	6.040.535
<b>Veltufjármunir samtals .....</b>	<b>24.126.884</b>	<b>18.137.405</b>
<b>Eignir samtals .....</b>	<b><u>24.126.884</u></b>	<b><u>18.137.405</u></b>

## Skuldir og eigið fé

### Höfuðstóll

Staða í ársbyrjun .....	11.133.470	4.310.972
Tekjujöfnuður ársins .....	-5.988.410	6.822.498
<b>Höfuðstóll í árslok .....</b>	<b>5.145.060</b>	<b>11.133.470</b>
<b>Eigið fé í árslok .....</b>	<b>5.145.060</b>	<b>11.133.470</b>

Langtímaskuldir voru engar hvorugt árið

### Skammtímaskuldir

Skuld við ríkissjóð .....	11.515.323	2.857.658
Aðrar skammtímaskuldir .....	7.466.501	4.146.277

**Skuldir samtals .....** **18.981.824** **7.003.035**

**Skuldir og eigið fé samtals .....** **24.126.884** **18.137.405**

## Sjóðstreymi

Reikningur  
2004

**Tekjuafgangur/-hali .....** **-5.988.410**

Breyting rekstrartekna, eigna og skulda

Breyting skammtímakrafna og birgða ... 406.218

Breyting skammtímaskulda .....

3.320.224

**Handbært fé frá rekstri .....** **-2.261.968**

**Fjárfestingarhreyfingar samtals .....** **0**

### Fjármögnunarhreyfingar

Framlag ríkissjóðs .....

57.800.000

Greitt úr ríkissjóði .....

66.457.665

Afborganir tekinnna lána .....

0

**Fjármögnunarhreyfingar samtals .....** **8.657.665**

**Breyting á handbæru fé .....** **6.395.697**

**Handbært fé í ársbyrjun .....** **6.040.535**

**Handbært fé, hreyfingar .....** **6.395.697**

**Handbært fé í árslok .....** **12.436.232**